# Tillaga að svæðisáætlun í hjólaferðamennsku á Norðurlandi vestra

SSNV - ATVINNUÞRÓUN

Interreg
Co-funded by the European Union
Northern Periphery and Arctic

SUB

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA
ssnv

# Efnisyfirlit


**01** Inngangur

1.1 Við erum ekki að finna upp hjólið... 03

1.2 Forsendur svæðisáætlunar 02

**02** Leiðir og tillögur

2.1 Stutta útgáfan 03

2.2 Að ýmsu er að hyggja 04

**03** Sýn fyrir sveitarfélög

3.1 Húnabyggð 05

3.2 Húnaþing vestra 06

3.3 Skagafjörður 07

3.4 Skagaströnd 08

3.5 Subject 09

**04** Samantekt

4.1 Samantekt 10

# 01 Inngangur

## 1.1. Við erum ekki að finna upp hjólið...

**Hjólaferðamennska hefur stunduð frá 19. öld og frá seinni hluta 20. aldar hafa nokkrar gerðir hjólaferðamennsku þróast og vaxið jafnt og þétt um allan heim. Hún er mikilvægur hluti af ferðaþjónustuhagkerfinu víða um heim. Áætla má að reiðhjólatengd ferðaþjónusta velti árlega um 150–160 milljörðum USD á heimsvísu, þar af minnst 50 milljörðum EUR í Evrópu.**

Þótt hjólreiðar njóti sívaxandi vinsælda hér á landi og reiðhjólum jafnt rafmagns sem venjulegum fjölgi um minnst 10 þúsund á ári. hafa þær ekki verið fyrirferðamiklar í ferðaþjónustu á hinum miklu uppgangstímum þar. Eftir örlitla tilraunastarfsem í hjólaferðamennsku á tíunda áratugnum þ.ám. á Norðurlandi vestra, má fullyrða að lítið hafi farið fyrir henni ef frá eru taldar hjólaleigur í höfuðborginni, sem opnuðu um og upp úr aldamótum. Það er eiginlega ekki fyrr en nú síðasta áratuginn, sem eitthvað í þessa áttina hefur verið að skjóta upp kollinum og er óhætt að segja að tilkoma rafknúinna hjóla (e-bikes) hafi spilað hér stærstu rulluna. Vissulega hafa erlendir ferðalangar lagt leið sína til Íslands með eigin hjól en undantekningalítið verið algjörlega á eigin vegum, enda þjónusta þessu tengd ekki útbreidd. Það er vissulega tákn um hversu lítin sess hjólreiðar hafa yfirleitt skipað hér á landi, að í aðalskipulagi sveitarfélaga, sem gerð voru á fyrsta og öðrum áratug þessarar aldar, eru t.d. áætlanir um hjólastíga ekki býsna fyrirferðamiklar, svo vægt sé til orða tekið. Sums staðar hefur eitthvað verið um það að áhugahópar hafi tekið sig saman og t.d. byggt upp fjallahjólaleiðir og og viðhaldið þeim. Þessi þróun er knúin áfram af heimamönnum og markmiðið ekki endilega að skapa seljanlega ferðaþjónustuvöru. Hjólreiðaferðamennska felur í sér margar mismunandi gerðir hjólreiða, sem laða að sér mismunandi markhópa með mismunandi aðstæður og hvata. Í víðasta skilningi mætti halda því fram að aðstæður fyrir allar gerðir hjólreiða væri að finna á Norðurlandi vestra en sem ferðaþjónustufyrirbæri eru þær á býsna óslitnum barnsskóm. Í Evrópu er algengasta form hjólreiðaferðamennsku að komast á fallega staði, njóta fallegs útsýnis og ferðast um landslag. Það hefur þó færst í aukana að gestir geta einnig verið að ferðast til að hjóla í hópum til æfinga, notað t.d. malarvegi til að skoða sveitina eða notað hjólreiðar sem leið til styttri dagsferða.

# 01 Inngangur

## 1.2 Forsendur svæðisáætlunar

Þessi tillaga að svæðisláætlun fyrir hjólaferðamennsku var þróuð af SSNV í gegnum verkefnið SUB -"Sjálfbær hjólaferðamennska í dreifðum byggðum Norðurslóða". Efnið byggir á reynslu frá umræðum og vinnustofum í verkefninu sem og samtölum með ýmsum hagsmunaaðilum á svæðinu. Því var safnað á verkefnafundartímanum á milli 2023 og 2026, með áherslu á haust og vetur 2025/2026.

Áður en lengra er haldið er kannski rétt að horfa til þeirra fyrirliggjandi áætlana á lands- og landshlutavísu og sjá hversu veigamikin sess hjólaleiðir, sem teljast jú býsna mikilvægur hluti hjólaferðamennsku, skipa þar.

Í nýrri **Samgönguáætlun** 2026 - 2040 má finna þennan kafla.:

*4.3. Stefna fyrir hjólreiðar og smáfarartæki. Greind verði staða og þróun í hjólreiðum og umferð smáfarartækja. Mótuð verði stefna og aðgerðaáætlun fyrir hjólreiðar og smáfarartæki sem stuðlað geti að bættu umhverfi fyrir þá ferðamáta. Ábyrgð: Innviðaráðuneytið, Vegagerðin og Samgöngustofa.*

Þegar við svo berum niður í **Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra** finnum við eftirfarandi:

*2.1.24 Leitast við að gera hjólreiðar og göngu að greiðum og öruggum ferðamátum.*
*Stórátaks er þörf í landshlutanum í þessum efnum og ljóst að til þess að viðunandi staða náist þarf stóraukið fjármagn í stígasjóði Vegagerðarinnar. Tækifæri eru til stígagerðar í dreifbýli sem myndu bæta búsetuskilyrði til muna, bæta tækifæri til virkra ferðamáta og einnig vera aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Má þar nefna göngu/hjólastíga milli Laugarbakka og Hvammstanga, frá Þingeyrum til Blönduóss, stíga frá Sauðárkróki að minnismerki um Jón Ósmann, frá Sauðárkróki að Ljósheimum, Varmahlíð að Glaumbæ o.m.fl.*
*Nauðsynlegt er að fjármagn ríkisins til Vegagerðar vegna stuðnings við verkefni af þessum toga verði aukið svo mæta megi þeirri þörf sem uppi er.*
*(Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra 2022)*

Þegar kemur að sveitarfélögunum á svæðinu stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að aðeins eitt af fjórum er með ný uppfært aðalskipulag, sem hægt er að vísa beint til.

# 01 Inngangur

## 1.2 Forsendur svæðisáætlunartillögu

Þegar kemur að sýn yfirvalda varðandi ferðaþjónustu, er rétt að líta til þeirra leiðarstefja, sem sett hafa verið fram síðustu misserin . Þar ber fyrst að nefna Ferðamálaáætlun til 2030 sem samþykkt var á síðasat ári og inniheldur aðgerðaáætlun, sem gildir frá 2026. Þar höfum við tekið saman þá liði, sem landshlutasamtök skulu vera hluti aðgerðaaðila og langar til að tengja þessi atriði við hjólaferðamennsku svæðisins

**Rannsóknir og gögn**
A.4 Aukið samstarf stofnana um eflingu rannsókna á sviði ferðamála
- hér getur SSNV lagt fram mikið af gögnum úr SUB verkefninu og hægt er að vinna áfram

A.5 Fjármagn til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðamála
- hluti af stóru myndinni og allir þurfa að leggjast á sveif með stjórnvöldum í

**Efnahagur**
B.1 Aukin fjárfesting í nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónsutu
- áframhaldandi vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem vilja stíga inn í hjólaferðaþjónustu t.d. með aðstoð í styrkjaumhverfinu

**Samfélag**
C.2. Áfangastaðastofur sem stoðkerfi ferðaþjónustunnar
- skoða t.d. að auka hlut hjólaferðamennsku í áfangastaðaáætlunum

C.7 Samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða
- greina möguleika á hversu mikil viðskipti skipafarþegar gætu skapað t.d. fyrir hjólaleigur

C.9 Samgöngur, þjónusta og öryggi
- skoða hvernig þessir þættir eru að hjóla snerta mögulega uppbyggingu hjólaleiða á svæðinu

**Umhverfi**
D.4 Fræðsla og hvatning um sjálfbæra og nærandi ferðaþjónustu
- skapa umræðu um hvernig hjólaferðaþjónusta getur orðið gildur hluti af þessu

**Gestir**
E.4 Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu
- skoða með Háskólanum á Hólum (og jafnvel FAS) hvort/hvernig núverandi námsframboð getur tengst hjólaferðaþjónustu

E.7 Bætt öryggi ferðamanna
- brýna forsvarsaðila “SAFE TRAVEL” að auka vægi hjólaferðamennsku í þeirra gögnum og upplýsingagjöf

# 01 Inngangur


## 1.2 Forsendur svæðisáætlunartillögu

Innan **áfangastaðaáætlunar Norðurlands** hefur ekki verið að finna sérstakar áherslur með hjólaferðamennsku.  Sem ein af Markaðsáherslum áætlunarinnar má þó finna "Náttúru og ævintýraferðaþjónusta á Norðurlandi" og verður að teljast fýsilegt að til framtíðar að áform Norðurlands vestra um hjólaferðamennksu skipi þar veigamikin sess.

„Ævintýraferðamennskan leggur áherslu á sterkar upplifanir, sjálfbærni, hæglátan ferðamáta, og jákvæða samvinnu við nærsamfélagið. Allt atriði sem falla vel að því sem Norðurland vestra hefur upp á að bjóða. Ævintýraferðamennska felst yfirleitt í afþreyingu sem tekur þátttakendurnar fullan dag, eða jafnvel marga daga að fara í gegnum. Hún krefst því lengri dvalar á svæðinu og þar með fleiri máltíðir á veitingastöðum og sterkari tengsl við svæðið sem samtímis eykur líkurnar á að ferðamaðurinn velji fleiri ævintýraupplifanir, og komi oftar en einu sinni."
(**SSNV STÖÐUGREINING OG SAMKEPPNISHÆFNI 2023**, bls. 42)

# 02 Leiðir og tillögur

## 2.1 Stutta útgáfan



**Skref 1**

Kjarnaleiðir

Skilgreina og lortleggja fáar, skýrar leiðir sem hafa sterka sögu og landslagsgæði til þess að geta boðið upp á ferðir að mismunandi lengd

**Skref 2**

Grunnþjónusta

Leggja áherslu á litlu en mikilvægu innviðina s.s. aðgang að hjólageymslum, hleðslustöð, pumpu og verkfærum auk upplýsingaskilta

**Skref 3**

Þjónustuvottun

Skapa samræda upplifun með gæðakröfum og vottun á ákveðinni grunnþjónustu

**Skref 4**

Vörumerki

Finna til sögurnar, sem gera svæðið að áhugaverðrri menningarupplifun til viðbótar við hreyfinguna

**Skref 5**

Samgöngur

Efling almenningssamgangna og tenging hjólaleiðana við þær

**Skref 6**

Vöruþróun

Þróun sérhæfðra þemaferða m.t.t. áhugasviða og hjólategunda fyrir ólíka markhópa

**Skref 7**

Markaðssetning

Finna réttu markhópana á gjöfulum mörkuðum erlendis auk innanlandsmarkaðar

**Skref 8**

Alþjóðastarf

Láta alla þessa þætti vinna saman við að gera svæðið að alþjóðlega viðurkenndum hjólaáfangastað, sem er þekktur fyrir áhugaverðar leiðir, vandaða þjónsutu og eftirsóknarverða viðburði

# 02 Að mörgu að hyggja

## Leiðir og innviðir

**Skipulag hjólaleiða**

Mikilvægt er að sem fyrst verði hugað að framtíðarskipan hjólaleiða á svæðinu jafnt innan byggðakjarna sem og á milli þeirra þar sem því verður viðkomið og æskilegt þykir. Sennilega er þetta óvenju mikil áskorun á Norðurlandi vestra þegar kemur að þessu kemur, þar sem fyrir er óvenju víðtækt net reiðleiða og kannski ekki í mörgum löndum sem svona staða er uppi. Það er alla vega áríðandi að þau sveitarflög, sem nú eða á næstunni uppfæraaðalskipulag sitt taki hjólaleiðir með í reikninginn.

**Uppbygging hjólaleiða**

Á heildina litið geta hjólaleiðir verið byggðar upp með ýmsum hætti og kemur þar staðsetning þeirra og væntanleg tegund notkunar helst til skjalana. Fyrir utan hjólaleiðir sem samgönguleiðir má búast við að ákaliið eftir náttúrutengdum afþreyingarleiðum, sem henta rafknúnum fjallahjólum o.þ.h., fari vaxandi. Þar eru auðvitað ýmsir kostir í boði og viðbúið að í auknum mæli muni landeigendur þurfa að koma að borðinu. Einnig væri áhugavert að skoða í auknum mæli hvernig stórframkvæmdir í t.d. í vegagerð eða háspennulínulögnum geti nýst sem tækifæri í uppsertningu hjólaleiðastíga í þágu íbúa og ferðafólks

**Merking hjólaleiða**

Það á við um allar hjólaleiðir eins og almennar samgönguæðar, að þær nýtast illa ef þær eru ekki merktar á tilhlýðilegan hátt og þar með aðgengilegar notendum. Líkt og með fjölfarnar gönguleiðir hafa í millitíðinni rafrænar merkingar og kort orðið mikilvægar í heimi hjólreiðafólks.

**Aðrir nauðsynlegir innviðir (brýr, áningarstaðir)**

Að sjálfsögðu þyrfti að horfa til uppbyggingar ákveðinna innviða samfara hjólastígagerð og gætu þessar t.d. tengst því að brúa þyrfti á tiltekna leið og/eða setja ræsi. Lýsing væri einnig eitthvað, sem gæti þurft að haga að. Mikilvægt er að byggðir verði upp aðlaðandi áningarstaðir með vissu millibili á hjólaleiðu þar sem hvílast mætti og/eða matast við bekk og borð. Í einhverjum tilfellum mætti hugleiða hvernig lítið notuð félagsheimili, sem fjölmörg er að finna í landshlutanum geti nýst, sem áningarstaðir með salernis- og hreinlætisaðstöðu svo fremi, sem það passi við aðra starfsemi sem kynni að vera í því húsi.

# 02 Að mörgu að hyggja

## Leiðir og innviðir

**Viðhald hjólaleiða og fjármögnun þess (sumar–vetur)**

Þessi þáttur er auðvitað eitthvað, sem ekki má vanmeta, en kannski má segja að þeim mun meira sem lagt er í vandaða uppbyggingu í hönnun og efnisvali ætti viðhaldið að vera einfaldara. Vissulega eru þetta þó þættir, sem kæmu til með að mæða mest á sveitarfélögunum

**Fjármögnun innviðauppbyggingar**

Hvað varðar uppbygginguna er mikilvægt að huga í tíma að styrkumsóknum vegna mögulegra fjárveitinga úr hólavegapotti Vegagerðarinnar, sem hefur víða styrkt uppbyggingu hjólavega gegn 30% mótframlagi heimamanna hverju sinni.

**Öryggisáætlanir og samskipti**

Mikilvægt er að fylgja öllum ströngustu öryggisstöðlum í öllu sem viðkemur þessari uppbyggingu og samvinna við viðbragðsaðila er hér ákaflega mikilvæg. Að sama skapi er einnig mikilvægt að verið sé í góðu samráði við landeigendur þeirra svæða, sem eru undir þegar kæmi að uppbyggingunni og þeir séu vel upplýstir frá upphafi
·Setja hjólaleiðir inn í kortaforrit

**Setja hjólaleiðir inn í kortaforrit**

Eins og fram kom hér að framan eru merkingar víða orðnar rafrænar. Til þessa hafa sprottið upp forrit eða vettvangar þar sem hjólaleiðir eru sýndar með öllum nauðsynlegum tækniatriðum en jafnframt eru áhugaverðir staðir og þjónusta í boði tengdar viðkomandi hjólaleið. Hér er því um nokkurs konar heildar upplýsingakerfi, sem jafnframt getur hýst aðrara útivistargreinar s.s. gönguleiðir eða skíðasvæði, að ræða.Nokkur þessara kerfa eru síðan tengd stórum neytendasamfélögum með tugum miljóna notenda og þar með orðin um leið n.k. markaðssetningartól, sem ávarpar þennan hóp á fjölmörgum tungumálum. Það verður því að teljast mikilvægt að koma sem fyrst eins mörgum leiðum og mögulegt er í slíkt kerfi og prjóna síðan utan á það allar þær upplýsingar sem hægt er að koma til skila um áfangastaðinn Norðurland vestra.

# 02 Að mörgu að hyggja

## Frumkvöðlar – hæfni – stuðningur

### Skráning öryggisvinnu hjá fyrirtækjum í afþreyingarþjónustu

Samkvæmt lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2018 ber hverjum þeim sem hyggst framkvæma skipulagðar ferðir innan íslensks yfirráðasvæðis að hafa öryggisáætlanir fyrir hverja tegund ferða þ.m.t. hjólatengda ferðaþjónustu. Söluaðilar sem selja ferðir sem framkvæmdar eru af öðrum verða að ganga úr skugga um að öryggisáætlanir séu til staðar fyrir þær ferðir. Öryggisáætlun samanstendur af fjórum þáttum sem eru áhættumat, verklagsreglur, viðbragðsáætlun og atvikaskýrsla og þarfnast hún reglulegrar endurskoðunar og uppfærslu. Í VAKANUM - gæða- og umhverfisvottun ferðaþjónustunnar ber í skipuleggjendum reiðhjólaferða að fara eftir sértækum gæðaviðmiðum nr. 223. og einn hluti vottunar er framlagning öryggisáætlunar.

### Stuðningur við tengslamyndun (t.d. kaffihittingar ferðaþjónustuaðila)

Eftir því sem fram vindur í uppbyggingu hjólaferðaþjónustu er æskilegt að aðilar komi reglulega saman og ræði hagsumunamál sín á milli – í einhverjum tilfellum með ðakomua utanaðkomandi t.d. sveitarfélags eða viðbragðsaðila. Þar sem hér er um frekar smáan geira að ræða má hugsa sér að taka einnig þátt í slíku samtali á landsvísu

### Verkefnavæðing fyrirtækjaþróunar og fjármögnunarmöguleikar

Það gefur auga leið að atvinnuþróunarhluti SSNV, sem var aðili að SUB verkefninu geti á einn eða annan hátt verið áfram ráðgefandi fyrir vöruþrróun á sviði hjólaferðaþjónustu auk þess að sinna ráðgjöf þegar kemur að styrkjum eða annari fjármögnun

### Sjálfbærnivinna og samskipti fyrirtækja í (hjóla-)ferðamennsku

Það er mkilvægt að þeir aðilar sem stíga inn í hjólaferðaþjónustu vinni vel úr þeim þáttum, sem viðkoma sjálbærni bæði í sínum rekstri og eins sem þátttakandi í ferðaþjónustu síns landsvæðis og þar ættu SSNV og Markaðsstofa Norðurlands að vera dyggir bakhjarlar

### Samkeppnisforskot, virði fyrir viðskiptavin og markaðssjónarhorn hjólaferðaþj.

Í ljósi þessi hve ný og fersk þessi tegund ferðaþjónsutu er á svæðinu og eiginlega á landsvísu ætti fyrirtækjum að vera í lófa lagið að skapa sér sérstöðu á markaði, sem getur nýst þeim vel í ákveðinni samkeppni innan og utan svæðis. Einn hluti þessa er að þær vörur, sem í boði eru, séu aðgengilegar á stafrænum vettvangi t.d. þekktum bókunarsíðum og/eða á stafrænum vettvangi hjólaáhugafólks.

# 02 Að mörgu að hyggja

## Hjólaferðamennska - vörur og stafrænt aðgengi

**Innleiðing stafrænna sölu- og bókunarkerfa**

Eftir því sem umfang hjólatengdrar starfsemi eykst, hvort sem er frá grunni eða sem viðbót við aðra starfsemi, er mikilvægt að innleiða passandi stafrænar lausnir, sem halda utan um bókanir og umfang starfseminnar. Mikilvægt er að slíkar lausnir búi yfir gáttum (en.: interfaces) sem geri þeim kleift að eiga í samskiptum við bókunarsíður eða önnur markaðstorg,  sem aðilar kynnu að vilja vinna með og bjóða þjónustu sína í gegnum.

**AI-bestuð vefsíða og efni fyrir hjólaferðamenn**

Með tiliti til aukinnar virkni gervigreindar er mikilvægt að vefsíður séu vel upp settar og innihaldi allar þær upplýsingar, sem skipta máli um viðkomandi starfsemi. Í dag nýtir fólk sér í auknum mæli möguleika gervigreindar þegar kemur að því að leita að réttu þjónustunni, enda er orðræðan í dag þegar kemur að gæðum vefsíða ekki lengur bundin við leitarvélabestun heldur AI-bestun þ.e.a.s hvað upplýsingar gervigreindin geti tekið af viðkomandi síðu og fært í leitarútkomu hins áhugasama.

·**Stafræn sýnileiki í gegnum Google Business verkfæri**

Þeir möguleikar sem Google leit bíður upp á og þær upplýsingar, sem fyrirtæki setja um sig í þar til gerðar þjónustuskrár, gæti í augnablikinu talist á ákveðnum krossgötum þar til næstu skref Google í gervigreindarkapphlaupinu koma betur fram. Ekki skal þó vanrækja þennan þátt, þar sem alltaf verða þátttakendur , sem reiða sig á þessa tækni.

·Innleiðing samfélagsmiðla og virk uppfærsla

Mikilvægt er að helstu upplýsongar um ferðamöguleika hjólafólks á svæðinu séu aðgengilegar á samfélagsmiðlum. Hér er mikilvægt að halda sig frekar við færri en fleiri miðla en hafa uppfærslu þess/þeirra þeim mun virkari. Skoða þarf einnig hvort hér eigi nýta samfélagsmiðilinn til að mynda e.k. fag- og eða áhugahópa jafnt innan sem utan svæðis og stuðla þar með að lifandi samtali um hjóletengd mál.

# 02 Að mörgu að hyggja

## Hjólaferðamennska - vörur og stafrænt aðgengi

**·Innleiðing samfélagsmiðla og virk uppfærsla**

Mikilvægt er að helstu upplýsongar um ferðamöguleika hjólafólks á svæðinu séu aðgengilegar á samfélagsmiðlum. Hér er mikilvægt að halda sig frekar við færri en fleiri miðla en hafa uppfærslu þess/þeirra þeim mun virkari. Skoða þarf einnig hvort hér eigi nýta samfélagsmiðilinn til að mynda e.k. fag- og eða áhugahópa jafnt innan sem utan svæðis og stuðla þar með að lifandi samtali um hjóletengd mál.

**·Hjólavæn þjónusta**

Eftir því sem fleiri þjónustuaðilar gefa sig út fyrir að sinna vel þörfum þessa markhóps, er mikilvægt að koma þjónustu þeirra sérstaklega á framfæri í röðum markhópa, sem velta fyrir sér að heimsækja svæðið. Skoða megi einnig hvort umfangs slíkrar þjónust réttlæti stofnun eigin vettvangs eða heimasíðu eftir fyrirmynd bikeland.fi. Í þessu sambandi gæti verið æskilegt að skoða samstarf við aðra landshluta

**·Gagnamiðstöð (e.: data hub)**

Eitt af því sem er mikilvægt að horfa til frá upphafi er að sem mest af gögnum tengd hjólaferðamennskunni, séu aðgengileg á einum stað. Hvort sem um er að ræða vörur og þjónusta fyrirtækja eðaþemabundnar ferðahugmyndir/pakkar er mikilvægt að þessar séu aðgengilegar öllum, sem þurfa að inna með þær. Þá er og mikilvægt að stafrænt aðgengi annara gagnasafna eða vefsíðna t.d. sveitarfélaga og Áfangastaða- og markaðsstofu (DMMO) séu tryggðar.

# 02 Að mörgu að hyggja

## Hjólaferðamennska – markaðssetning sveitarfélaga og/eða áfangastaðastofu

**Norðurland vestra sem hjólaáfngastaðurINN**

Norðurland vestra sem áfangastaður hjólreiðafólks ætti að hugsast sem ákveðið eigið vörumerki og sem slíkt hafa eigin lendingarsíðu, sem vísað væri á frá heimasíðurm sveitarfélaga og Markaðsstofunnar

**„U S P“**

Mikilvægt er að þessi hjólatengda ásýnd Norðurlands vestra myndi búa yfir einhverri markaðssérstöðu (USP) á þessu sviði, sem myndi tala við útvalinn markhóp og í henni fælist t.d. einhver hjólaleið, sem væri einkennandi fyrir svæðið og enginn væri maður með mönnum í hjólasamfélaginu, sem ekki hefði hjólað þessa leið – n.k. „Laugavegur hjóalrana“.

·**Samfélagsmiðlaherferðir, kennimerki og efnisöflun**

Hér kemur aftur að því að vandað sé til vals á miðlum og minna geti verið meira. Skilaboðin þurfa að vera meitluð og innihaldssönn í bland við snjöll myllumerki. Þá er og áríðandi að allt myndefni kvikt sem kyrrt sé viðeigandi í rúmi og tíma og þegar hjól og hjólreiðafólk eru annars vegar sé óyggjandi að lagt sé upp úr öryggi á svæðinu.



# 02 Að mörgu að hyggja

## Hjólaferðamennska í alþjóðlegu samhengi

**Skilgreining markhóps**

Í ljósi hins háa kostnaðar, sem erlend markaðssetning óhjákvæmilega hefur í för meö sér, er mikilvægt að vanda vel til verka þegar kemur að skilgreiningu alþjóðlegs markhóps. Mikilvægt er að hafa aðgang að einhverjum gögnum sem geta stillt miðið og gefið hugmynd um umfang viðkomandi markaða.

**Módelferð**

Í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í hjólasenunni yrðu hannaðar 2-3 pakkar og keynningarefni um þá á íslensku og ensku

**Prentefni**

Í þess konar kynningarefni væri áfangastaðurinn rammaður inn og allir helstu þjónustuþættir fyrir hjólreiðagesti kynntir.

**Markaðstengsl (B2B)**

Hjólaferðamennska er sérstök „sylluvara“ (e.: niche product) og þarfnast því sérlegarar útsjónarsemi í vali á sérhæfðum ferðaskipuleggjendum/söluaðilum sem og vettvanga þar sem þessi markhópur kemur saman s.s. fagsamkomur og sérstakar vöru- og ferðasýningar. Góð tengsl við vel valda samtarfsaðila getur stytt leiðia að viðskiptavinum go framtíðargestum svo um munar.

**Kynningar- og fjölmiðlaferðir**

Hér er það mikilvægt eins og reyndar í gjörvallri ferðaþjónustu að nýta sér rétta kanala og geta haft aðgang að útvöldum aðilum úr röðum sérhæfðra ferðaskipuleggjenda hjólaferða og fjölmiðlafólki, sem hefur sérhæft sig í umfjöllun um ævintýra- og þá einkum hjólaferðamennsku. Vert er að hafa í huga að á öllum stærri mörkuðum eru gefin út nýmörg sérhæfð tímarit, sem sinna þessum geira eingöngu.

**Sérhæfður ferðaskipuleggjandi í héraði (DMC)**

Í ljósi þess hve lítill áfangastaður Ísland er, er viðbúið að söluaðilar erlendis myndu kjósa að nýta sér þjónustu staðbundins aðila, sem skipuleggur og sinnir hjólaferðum, þótt svo þeir séu vanir að vera jafnvel í eigin útgerð þar sem þeir eru með meira umleikis og fleiri farþega.

# 02 Að mörgu að hyggja

## Uppbygging sérhæfðrar þjónustu

**·Sérhæfður ferðaskipuleggjandi í héraði (DMC)**
Þetta er vissulega einn af þeim aðilum sem myndi styrkja heildar áfangastaðinn með því að vera með augun á þjónustunni, sem í boði er fyrir hjólaferðir auk þeirra upplýsinga og efnis, sem gefin væru út fyrir hjólafólk. Dæmin sanna frá öðrum svæðum að þetta eru lykilaðilar í framgangi hjólaferðaþjónsutunnar á sínu svæði.

**Almenningssamgöngur og flutningar**
Þessir þjónustuþttir eru afskaplega mikilvægir þegar kemur að hjólagestum, sem eru á eigin vegum og koma jafnvel með sín eigin hjól með, en nýta sér annars þjónustuna á svæðinu. Einnig er mikilvægt að það sé aðili á svæðinu , sem geti tekið að sér flutning á hjólahópum og búnaði þeirra, þegar ekki verið að hjóla hringi, sem byrja og enda sama stað. Þessir hópar eru að jafnaði ekki stórir, nema ef um er að ræða viðburð eða annað því um líkt.

**Viðgerðaþjónusta**
Ein mikilvægasta þjónusta sem áfangastaður hjólreiðafólks þarf að ráða yfir er áreiðanleg viðgerðaþjónusta. Þetta þarf að vera aðili, sem getur gert við helstu kvilla og hefur yfir einhverjum lager af algengum varahlutum að ráða. Þetta á jafnt við um vejuleg hjól sem og rafmagnshjól, en fyrir þau síðarnefndu er ákveðin tækniþekking á mótorum, gírskiptingum og íhlutum því tengdu æskilegt.



# 02 Að mörgu að hyggja

## Samskipti

### Hagsmunaaðilar

Það er brýnt í svona uppbyggingu að allir hagsmunaðilar séu skilgreindir, þeir meðvitaðir um hlutverk sitt og allar samskiptaleiðir þeirra í milli séu skýrar. Þetta geta verið sveitarfélög, landshlutasamtök, áfangastaðastofur, féagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar.

### Leiðir og öryggi

Allar þær leiðir, sem fyrirséðar eru til notkunar fyrir hjólreiðar, er mikilvægt að hafa kortlagðar. Þetta er ekki síst áríðandi þegar um samspil notkunar er að ræða t.d. ganagndi og hjólandi í þéttbýli eða hjólandi og ríðandi utan þéttbýlis hér á Norðurlandi vestra. Öll slík stígakerfi þurfa að vera vel útfærð og upplýsingar um þau aðgengileg í stafrænu formi, en gjarna einnig í prentformi þegar um leiðir í og við þéttbýli er að ræða. Hér þarf einnig að hugsa til öryggisþátta og þar spila ástand og viðhald stíga stóra rullu, en ekki síður hlutir eins og dekkun 4G og 5G farsímaneta á þessum leiðum

### Íbúasamtal

Það eru gömul sannindi og ný að engin ferðaþjónusta er betri eða verri en samþykki íbúa viðkomandi svæðis gagnvart henni gefur til kynna. Þetta er gríðarlega mikilvægt innan hjólaferðaþjónustu áfangastaða í ljósi þeirra fjölmörgu almennu innviða, sem nýttir eru af báðum hópum þ.e. íbúum og hjólandi gestum.

### Innihald skilaboða

Þegar kemur að því að kynna svæðið útávið er mkilvægt skilaboðin séu skýr og innihald þeirra rými í hvívetna við það, sem bíður gesta. Hér koma sterkt inn þættir eins og framboð þeirrar hjólatengdu ferðaþjónustu, sem svæðið getur boðið upp á en einnig ástandi almennra innviða og þjónustu sem þessu tengjast.

# 03 Sýn sveitarfélags *

## 3.1 Húnabyggð

Í kjölfar sameiningar þriggja sveitarfélaga (Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar) á árunum 2022-2024 hefur verið **unnið að nýju aðalskipulagi** fyrir hið nýja sameinaða sveitarfélag Húnabyggð og gert ráð fyrir að það geti tekið gildi síðla þessa árs eða í byrjun þess næsta. Ekki liggur fyrir á þessu stigi á hvaða hátt hjólatengdar útfærslur verði að finna í hinu nýja skipulagi, en ætla má að þær verði einhverjar. Húnabyggð býr yfir býsna mörgum á kílómetrum af malarvegum, sem gefur ýmsa möguleika í þróun leiða og/eða ferða fyrir malarhjólara og það þarf vart að undra að svæðið hafi orðið fyrir valinu fyrir nýjan alþjóðlegan hjólaviðburð á þessu sviði.

### Tourism vision

**2026** → **2027** → **2028**

*Þróun hjólaviðburða s.s. Samhjól á Rabbarbara-dhátíð og "Northbound gravel "*

*Skoða styttri hjólaleiðir út frá flutningi tjaldsvæðis*

*Skoða möguleika á lengri hjólaferðum með gistingu*

# 03 Sýn sveitarfélags *

## 3.2 Húnaþing vestra

Í Húnaþingi vestra er gildandi **aðalskipulag frá árinu 2014, sem rennur út á þessu ári** og engar útlistanir varðandi hjólavegi að finna þar. Vinna við nýtt aðalskipulag er í gangi og mun það taka gildi árið 2027. Þar má gera ráð fyrir að hjólavegir finni einverja þá skírskotun, sem eðlilegt getur talist í ljósi breyttra tíma og aðstæðna.  Auk hjóla (og göngu-) leiðar milli Hvammstanga og Laugarbakka, sem lengi hefur verið í deiglunni , mætti e.t.v. byrja að hugsa til þess hvort uppbyggð hjólaleið samhliða vegabótum á Vatnsnesi þyrfti ekki að tilheyra framtíðarplönum heilsueflandi sveitarfélags, jafnhliða því að geta skapað mikla sérstöðu sem útsýnisleið fyrir hjólreiðafólk á Norðursttrandarleið (Arctic Coast Way).  Í sveitarfélaginu er mikilvægt til að huga að  sambýli reiðleiða og hjólaleiða og hvernig þær geti þjónað þeim sem um þær fara sem best og öruggast. Þó má ekki horfa framhjá því að sem stendur er Vatnsnesvegurinn ákjósanlegur til malarhjólreiða (gravel biking) og mun eflaust ná einhverri athygli í röðum þeirra, sem stunda þessa tegund hjólreiða.

## Tourism vision

**2026** → **2027** → **2028**

- *Skoða innanbæjar hjólaleiðir/-stíga*
- *Hjól í nýju Aðlaskipulagi*

- *Skoða lengri hjólaleiðir  og e.t.v. “leiðaslaufu” (loop)*

*Kynning á lengri leiðum fyrir malar- og ferðahjól*

# 03 Sýn sveitarfélags *

## 3.3 Skagafjörður

Göngu- og hjólaleiðir: Frá fornu fari lágu margar leiðir að Skagafirði um dali og skörð, sumar kunnar af atburðum sem áttu sér stað þegar þær voru alfaravegir s.s. Hólamannavegur, Hjaltadalsheiði og Heljardalsheiði að ekki sé minnst á Kjalveg. Aldagamlar alfaraleiðir um héraðið hafa lagst af sem slíkar s.s. leiðin fram með Vestari-Héraðsvötnum. Þessar leiðir liggja þó enn á sínum stað, fjallaleiðirnar sumar varðaðar. Þær eru ekki fjölfarnar lengur en áhugi ferðamanna fyrir þeim fer þó vaxandi. Sumar þessar leiðir hafa hestamenn merkt inn á reiðleiðakort, einkum þær sem liggja um Staðarfjöll og dalina milli Langadals og Skagafjarðar. Áhersla er lögð á að byggja upp hjólaleiðir á milli þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu. Sú uppbygging verður áfangaskipt. Fyrsti áfanginn felur í sér tengingu milli Sauðárkróks og Hofsós. (**Aðalskipulag Skagafjarðar-greinargerð** /Stefnumörkun og ákvæði um innviði kafli 9.5. bls. 84)

## Tourism vision

**2026** → **2027** → **2028**

- *skilgreina hjólaleiðir út frá tjaldsvæðum*
- *forgangsröðun lengri hjólastíga*
- *samræmt hjólastígakerfi*

# 03 Sýn sveitarfélaga *

## 3.4 Skagaströnd

Í gildandi **aðalskipuagi fyrir Skagaströnd (2019-2035)** er því miður ekki að finna skilgreinda hjólavegi eða -leiðir. Sem fyrstu skref í þessa átt mætti hugsa sér að skoða e-s konar samþættingu við gönguleiðir, einkum þegar komið er út úr þéttbýlinu, enda um fáfarnar leiðir að ræða. Staðið hefur til að skoða hvort þjónustuvegir, sem lagðir hafa verið um skógrækt í Spákonufelli geti nýst sem stígar fyrir fjallahjól.
Nýleg gerð malbikaðs göngu-/hjólastígs meðfram hafnarsvæðinu er vissulega ánægjulegt fyrsta skref.

## Tourism vision

**2026**

- *skoða hjólaleiðir út frá tjaldsvæði*

**2027**

*skoða hjólaleiðir á Spákonufell og í Arnardal*

**2028**

*skoða hjólaleið í Kálfshamarsvík í samvinnu við Húnabyggð*

# 04 Samantekt

**Hér höfum við í stuttu sem löngu máli sett fram eitthvað sem við sjáum fyrir okkur að verði leiðarljós í þróun Norðurlands vestra sem áfangastaðar fyrir hjólaferðamennsku. Okkur var fljótlega ljóst þegar við vorum komin af stað í SUB verkefnið að við hefðum verk að vinna til að komast í alla vega hálfkvist við áfanagastaði, sem eru að gera vel á þessum vettvangi. Verkefnið hefur hins vegar nýst okkur vel til að ná utan um mikið af því sem við teljum að við þyrftum að gera til að stíga skref í þessa átt, en líka að átta okkur á hvar okkar takmörk í þessari vegferð gætu legið. Þó svo að við teljum okkur betur borgið með því að einblína á styrkleika okkar til að sinna þeirri tegund hjóla, sem passa okkar veruleika er ekki þar með sagt að framtíðin knýji okkur ekki til að taka einhverjar beygjur eftir því sem fram vindur. Það sem er einnig mikilvægt á þessu fyrstu stigum er að koma upp einhverjum vísi að hjólamenningu á svæðinu, þannig að íbúar séu sjálfir jákvæðir gagnvart þessari þróun og sjái hversu mikið af hjólatengdum innviðum geti jafnframt verið hluti af íbúagæðum.**



# SUSTAINABLE ARCTIC AND PERIPHERAL BIKING TOURISM (SUB)

**Sjálfbær hjólreiðaferðaþjónusta í dreifðum byggðum norðurslóða (SUB) er fjölþjóðlegt verkefni, sem var framkvæmt í samstarfi sex aðila í fimm mismunandi löndum á árunum 2023–2026, undir stjórn Landshlutasamtaka Austur-Lapplands.**
**Verkefnið er fjármagnað af Interreg NPA og staðbundnum samstarfsaðilum.**

Interreg
Co-funded by the European Union
Northern Periphery and Arctic

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA
SSNV